

Sérfræðingar Menntavísindasviðs Háskóla Íslands búa yfir margvíslegri sérfræðilækkingu. Hér fyrir neðan eru lýsingar á nokkrum 45 mínútna fyrirlestrum sem hægt er að panta og jafnvel fá í kjölfarið ráðgjöf við þróunarstarf tengt efninu. Áhugasamir hafi samband í síma 525 5983 eða netfangið eddakjar@hi.is

Hjálp ég hef eignast unglíng



Fyrirlesturinn er þrískiptur og fjallar í fyrsta lagi um æskuna í sögulegu ljósi. Í öðru lagi um helstu breytingar sem unglíngar ganga í gegnum á sk. gelgjuskeiði og ekki síst þær breytingar sem foreldrar ganga í gegn um á þessu skeiði unglíngsins. Í þriðja lagi um hvernig best er að styðja ungt fólk á sem uppbyggilegastan máta í þeirri vandasömu vegferð að gerast sjálfstæður einstaklingur.

Árni Guðmundsson aðjúnkt

Eftirfylgni í formi ráðgjafar við þróunarstarf í boði

Markhópur: Foreldrar ungmenna - Faghópar

Feðgafræðsla



Stelpurnar fara til hjúkrunarfræðings en strákarinnir ...! Feðgafræðsla. Námskeið fyrir drengi í 7. og 8. bekk grunnskóla og feður þeirra, afa og eða forráðamann. Fjallað er um gelgjuna, sjálfsmýndina og þær breytingar sem drengir ganga í gegnum á þessu tímabili.

Árni Guðmundsson aðjúnkt

Eftirfylgni í formi ráðgjafar við þróunarstarf í boði

Markhópur: Foreldrar ungmenna - Faghópar

Unglingar og netið



Fyrirlesturinn er ætlaður foreldrum og forráðamönnum unglunga sem og öllum þeim er vinna með ungu fólki. Fjallað er um Netheima frá ýmsum hliðum bæði jákvæðum og neikvæðum. Fjallað er um hið rafræna “sjoppuhangs” Facebook og aðrar samskiptasíður, tölvuleiki, ráðgjafasíður, heimasíður, rafrænt einelti og fl.

Árni Guðmundsson aðjúnkt

Eftirfylgni í formi ráðgjafar við þróunarstarf í boði

Markhópur: Foreldrar ungmenna - Faghópar

Við eldumst öll - Íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu og betri vellíðunar



Fjallað er um áhrif markvissrar 6 mánaða þjálfunar og íhlutunar á hreyfifræni, þrek og lífsgæði eldri aldurshópa. Þá er þjálfunin, sem fólst í daglegri gönguþjálfun og styrktarþjálfun tvisvar í viku, einnig metin út frá fyrirbyggjandi þáttum hjarta- og æðasjúkdóma eða efnaskiptavillu (metabolic syndrome). Rannsóknin var gerð á yfir 100 íslenskum eldri borgurum og stóð yfir í 6 mánuði auk þess sem eftirfylgnimælingar voru gerðar 6 og 12 mánuðum eftir að þjálfun lauk. Niðurstöður eru einnig skoðaðar þar sem reynt er að leggja mat á hve lengi þjálfunin varir og hvort tekist hafi að breyta lífsstíl hinna eldri með það í huga að varðveita áunna heilsutengda þætti að lokinni þjálfun.

Janus Guðlaugsson

Markhópur : Starfsmenn sem vinna á heilbrigisstofnunum en einnig eldri aldurshópar (50+ hópurinn)

Eftirfylgni möguleg

Jafnrétti og kynjun í skólastarfi



Jafnrétti kynjanna og félags- menningarlegar skýringar á því hvers vegna hægt miðar í jafnréttismálum, þrátt fyrir lagasetningar, tengsl við læsi, sjálfbærni, sköpun, lýðræði, mannréttindi heilbrigði og velferð

Þórdís Þórðardóttir

<http://mennta.hi.is/starfsfolk/thordth/>

Markhópur: leikskóla- og grunnskólakennarar

Eftirfylgni möguleg

Valdefling og starfendarannsóknir



Fjallað er um mikilvægi þess að kennarar taki faglega forystu í starfi sínu. Kynnt verður sú hugmynd að með rannsóknum á störfum sínum öðlist kennarar mikilvægt vald yfir þekkingunni á fagi sínu.

Ef kennarar eftirláta öðrum að segja sér fyrir verkum gætu þeir misst völdin yfir þekkingunni á því fagi sem störf þeirra byggjast á. Hættan á því að kennarar breytist í hugsunarlaus millistykki milli sérfræðinga og nemenda blasir við ef kennarar leita

ekki leiða til að halda faglegum völdum.

Sjá nánar:

<http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/007.pdf>

Edda Kjartansdóttir, <https://uni.hi.is/eddakjar/>

Markhópur: Grunn- og framhaldskólakennarar

Eftirfylgni möguleg

Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og skólastarf



Í fyrirlestrinum er vakin athygli á Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og þá ríku áherslu sem þar er m.a. á þátttöku og sjálfsákvörðunarrétt. Tjáskiptafærni er undirstaða þess að geta nýtt sér þessi mannréttindi. Fjallað er um mikilvægi tjáskipta í þroska allra barna og verða s.k. óhefðbundnar tjáskiptaleiðir kynntar í því sambandi.

Jóna G. Ingólfssdóttir, aðjúnt

Markhópar: Kennarar, þroskaþjálfar og annað starfsfólk sem vinnur með nemendum sem þurfa á óhefðbundnum tjáskiptaleiðum að halda

Eftirfylgni möguleg

Skólafærni athugun (SFA)



Um er að ræða kynningu á SFA og notkun þess. SFA er matstæki sem kannar þátttöku og færni í skólastarfi hjá 6-12 ára nemendum með sérþarfir. SFA gefur hagnýtar upplýsingar og heildstæða sýn á styrkleika og þarfir nemandans og stuðlar jafnframt að þverfaglegri samvinnu um áherslur, markmið og leiðir í kennslu og þjálfun. Einnig gagnast það vel við endurmat, mat á framvindu og árangur af þjónustu."

Jóna G. Ingólfssdóttir, aðjúnkt

Markhópur: SFA er ætlað sérkennurum, kennurum, iðjuþjálfum, þroskaþjálfum, sálfræðingum og öðru fagfólki sem tengist nemendum með sérþarfir

Eftirfylgni er möguleg

Ritun í skóla og ritun heima. Tveir aðskildir heimar?



Fjallað verður um þá miklu breytingu sem orðið hefur á ritiðni barna og unglunga á liðnum árum og hvort ástæða sé til að skólar taki mið af þeirri þróun í kennslu ritunar. Rætt verður um helstu hugtök í því sambandi, svo sem lesanda, málsnið og efnistöð. Einnig verður komið inn á stöðu þess sem skrifar og siðferðilega afstöðu hans til efnis og lesanda.

Guðmundur B. Kristmundsson, dósent

Markhópar: Kennarar, foreldrar, áhugafólk um þróun ritiðni.

Eftirfylgni er möguleg

Hlustun



Fjallað verður um hlustun, eðli hennar og einkenni. M.a. verður rætt um hlustunarskilning og hvernig unnt sé að bæta hlustun.

Guðmundur B. Kristmundsson, dósent

Markhópur: Kennarar, foreldrar og áhugafólk um að bæta hlustun.

Eftirfylgni möguleg

Lesið til gagns og gleði - Lesið í tómstundum



Lestur eykur orðaforða, málskilning og þekkingu á efni og aðstæðum. Rætt verður um tómstundalestur barna og unglunga og leitað leiða til að efla hann og bæta. Meðal annars verður rætt um áhuga og sveigjanleika sem þarf til að koma til móts við hann og annað sem skapar fjölbreytileika í mannlífinu.

Guðmundur B. Kristmundsson, dósent

Markhópur: Foreldrar, kennarar og annað áhugafólk um lestur

Eftirfylgni möguleg

Snemmtæk íhlutun og Fjölskylumiðuð nálgun í skólastarfi



Gott samstarf fagfólks og foreldra er mikils metið í skólastarfi eins og fram kemur í nýrri löggjöf bæði um leik- og grunnskóla. Oft er litið svo á að þetta sé sérstaklega mikilvægt þegar foreldrar fatlaðra barna eiga í hlut. Í fyrirlestrinum eru nýjustu áherslur í snemmtækri íhlutun og fjölskylumiðuðri nálgun kynntar. Fjallað er um hin flóknu tengsl foreldra ungra fatlaðra barna og fagfólksins sem starfar innan félags- og menntakerfisins og nýjar hugmyndir um samstarf foreldra og fagfólks ræddar. Horft er á tengsl foreldra og fagfólks í ljósi félagslegrar sýnar á fötlun og hinnar nýju félagsfræði bernskunnar.

Jóna G. Ingólfssdóttir, aðjúnt

Marhópar: Kennarar, sérkennarar, þroskaþjálfar, sálfræðingar, félagsráðgjafar og annað fagfólk sem vinnur með foreldrum fatlaðra barna.

Eftirfylgni möguleg

Stærðfræði og leikur

Í fyrirlestrinum er fjallað um stærðfræðináms ungra barna. Gerð er grein fyrir meginþáttum í þróun stærðfræðihugmynda barna. Sýnd verða dæmi um hvernig kennarar geta stutt við stærðfræðináms barna með samræðum, gögnum og verkefnum. Mikilvægt er að börn fái fjölbreytt tækifæri til að vinna með ýmsar grunnhugmyndir í leik bæði úti og inni. Gefin verða dæmi um viðfangsefni sem henta bæði í leikskóla og grunnskóla.

Guðbjörg Pálsdóttir

Markhópur: Leikskólakennarar og grunnskólakennarar

Eftirfylgni er möguleg

Tal- og málþroskafrávik.

Einkenni tal- og málþroskafrávika og tíðni. Grunnatriði málþroska og mikilvægi eflingar máls og tals á öllum skólastigum. Smávegis um greiningu og meðferð.

Þóra Sæunn Úlfadóttir, talmeinafræðingur

Markhópur: Leik- og grunnskólakennarar.

Eftirfylgni möguleg

Íþróttir í íslenskukennslu



Hvernig megi krydda námið í íslensku með íþróttabókmenntum, bæði úr fornum bókmenntum og nýjum.

Guðmundur Sæmundsson aðjunkt

Markhópur: Íslenskukennarar í grunn- og framhaldsskólum

Eftirfylgni möguleg

Íþróttabókmenntir



Fjallað um hvaða áhrif íþróttir hafa haft á bókmenntir frá upphafi til dagsins í dag. Siðfræði, hetjuhugsjón og íþróttandi.

Guðmundur Sæmundsson, aðjunkt

Markhópur: Íþróttakennarar í grunn- og framhaldsskólum, íþróttabjálfarar

Eftirfylgni möguleg

Námsmat



Fyrirlestur um námsmat í þremur hlutum:

- Nokkur mikilvæg hugtök - fræðileg tenging (1/3)
- Tengsl framkvæmdar og fræða (1/3)
- Praktísk atriði, vinnubrögð við mat, framkvæmd þess og úrvinnslu (1/3)

Meyvant Þórólfsson, lektor

<http://notendur.hi.is/meyvant/>

Markhópur: Grunn- og framhaldsskólakennarar

Eftirfylgni í formi ráðgjafar möguleg